

SUÐURLAND

kemur út vikulega (minst 52 blöð á ári). Verð árgangsins 3 kr., er borgist fyrir 1. nóv. Uppsögn skrifleg fyrir 1. nóv. og því aðeins gild, að kaupandi sé þá skuldlaus.

Ritstjóri og ábyrgðarm.: **Oddur Oddsson**, gullsmiður, Reginn, Eyrarbakka. Og skulu allar ritgerðir, sem í blaðið eiga að koma sendast honum.

Gjaldkeri: **Jón Jónatansson**, búfræðingur á Ásgautstöðum.

Prentarar: **JÓN HELGASON** og **KARL H. BJARNARSON** Þeir veita móttöku öllum auglýsingum, sem í blaðið eiga að koma.

Afgreiðsla blaðsins er í **prentsmiðjunni**, utanáskrift: **Afgreiðsla Suðurlands, Eyrarbakka**.

Mér hefir verið sagt að Stþ. á Eyri væri ágætur súrdeigshnoðari. Gæti brautin ekki fengið að flytja við og við nokkrar kókur af því, þá fengju telpurnar „gotteri“ á leiðinni suður.

Mig skal ekki kynja þó flutningsþörfin með brautiani verði ekki mikil, úr því að smjörvagnarnir hans Stþ. eru farnir að flytja fyrir 1/2 eyri á pd. frá Rvík til Ágisiðu.

Eftir sama hlutfalli munu t. d. Eyrar- búar geta fengið keyrslu frá Rvík fyrir 40 au. 100 pd. Mér líkar vel við þig, Steinþór! Eftir þessum plöggum að dæma er eg hræddur um að Perwie seti ofan næsta ár. Því hún tók 1,00 á 100 pd. + 35 au. í uppskipun arkostnað hér eystra + 12 au. í útskipunarkostnað í Reykjavík. Og svo eiga þeir sem með Perwie senda, ávalt á hættu að vörurnar rigni margar álnir ofan í sandinn á afgreiðslunni.

En þetta breytist nú alt bráðlega, Steinþór minn, þegar þú ert búinn að koma höfninni hér í kring. Hún hlýtur að fæðast þegar upp úr næsta þingi. „Allgöð höfn t. d. á Eyrarbakka mun ekki kosta meira en 5—10 km. af járnbraut og það á jafnlendi“. Það er bara hundsspott!

Eg er ekki hræddur um að gamli Björn muni okkur ekki þingfrestunartillöguna (!) á Selfossfundinum um daginn — sem raunar aldrei komi fram — ef annað eins „geni“ og Steinþór á Eyri leggur fram áætlunar- kostnaðinn.

Þegar eg var búinn að lesa hafnargerða- hugvekju þína, urðu mér þessi orð á vör- um: „Þeir ætla sér að eignast höfn, þó inn sé vont að sigla“.

Heyrðu Steinþór — hvað ætlarðu að gera við alt brimið á veturna — kannske mánaða brim í ríkk? Eiga skipin að biða fyrir utan og innan meðan það lýkur sér af?

Þá ræðir þú, Steinþór minn, um toll- löggjöfina í sambandi við aðflutningsbann- ið, og þá verður þú enn oddhvassari en nokkru sinni áður. Þar gefur að lita þessa fyrirmyndar klausu:

„Það kvað vera svo fjarska varanlegur gjaldstofn maturinn og eldiviðurinn. Gerir vist ekkert til hvað dýrt þetta verður. Hvað segir fátæka alþýðan um það?“

Þú mátt trúá því, Steinþór, að þú vinnur marga áhangendur með jafn gófum rök- ræðum og þessari. Enda er þetta einhver dýrmætasti gimsteinn úr driti Ingólfs Dýralækniðsonar.

Það liggur svo sem í augum uppi að

„fátæka alþýðan“ hefur ráð á að borga toll í landssjóð fyrir að drekka sig fulla við og við, — en hitt að borga toll í lands- sjóð fyrir að eta sig sadda, á því hefir „fátæk alþýða“ alls ekki ráð. —

Þetta hljóta allir að skilja, jafnvel hvert einasta

Flóa-fífl.

Garðyrkjukona

Fáar eru þær garðyrkjukonurnar hér á landi, en þó munu þær ekki vera miklu færri en garðyrkjumennirnir. Eg ætla að minnst hér á eina, sem skarar fram úr öllum öðrum sem eg hefi haft spurn af, hún heitir Guðbjörg Þorleifsdóttir, húsfreyja í Múlakoti í Fljótshlíð. Auk matjurt- garða sinna hefir hún dálitinn blómgarð. Ekki er sá garður stór; heimilisástæður hafa takmarkað hann, en garðurinn er fallegur. Í honum eru margskonar blóm- plöntur, en einkum eru það trén sem til- efnið gefa til þessara lína. Guðbjörg hefir komið sér upp reynivíðarhrislum af rótár- öngum, sem hún hefir tekið af stóru hrislunni í Nauthúsagili undir Eyjafjöllum. Alls eru þrjú reynivíðartré í garðinum í Múlakoti, eitt þeirra er hæst, um 6 álnir. Í fyrra sumar tók Guðbjörg eftir því að smáar reynivíðarplöntur voru farnar að vaxa hér og þar í garðinum, höfðu þær spírað upp af fræi, sem fallið hafði af stærsta trénu undanfarin haust. Hún hélt plönt- unum til haga og lifðu þær vel veturinn yfir. Í sumar hefir hún fundið fleiri fræ- plöntur í garðinum sínum svo nú á hún um 200 ungar reynivíðarplöntur. Það er alitlegur stofn til að koma upp reynivíðar- lundum kringum bæina í Rangárvallasýslu, því ganga má að því visu, að hún selji eitthvað af þessum plöntum snemma á næsta vori og haldi því áfram framvegis, því búast má við nýjum plöntum áfram; væntanlega þroskast fræið í þessu góða sumri, sem nú stendur yfir.

Þetta, sem hér er sagt, hefi eg eftir skilríkri konu, sem séð hefir garð Guðbjarg- ar, og gat hún þess um leið, að sá sjald- gæfi sidur tíðkaðist í Múlakoti, að skreyta matborð með blómum á þeim tíma árs sem garður húsfreyunnar stendur í blóma.

[Freyr]

E. H.

Útsvör

í Eyrarbakka og Stokkseyrarhreppum

Þetta ár, eftir niðurföfnun hreppsnefndanna, eru sett hér þau sem hærrí eru en 25 kr.

Stokkseyri:

Kaupfélagið Ingólfur 822 kr., Jón kaupm. Jónasson 180 kr., Bjarni Grímsson verzl.m. 138 kr., rjómabúið á Baugsstöðum 84 kr., Jón Jónsson Holti 77 kr., Ólafur Árnason framkvæmdarstj. 144 kr., Helgi Jónsson sölustjóri 54 kr., Sigurður Einarsson verzlun- arm. 57 kr., Magnús Gunnarsson Brú 48 kr., Jón Þorsteinsson Brávöllum 39 kr., Gísl

Páls on Kakkarhjal. 37 kr., Guðm. Jónsson Baugsst. 36 kr., Ketill Jónasson Kaðlast. 33 kr., Guðrún Helgadóttir 33 kr., Þórður Gíslason Hæringsstaðahjal. 32 kr., Ás- mundur Gíslason Gljakoti 33 kr., Bjarni Magnússon Stokkseyrarars. 30 kr., verzlunin Einarshöfn 30 kr., Eiríkur Eiríksson bakari 30 kr., Snjófríður Nikulásdóttir Starkarh. 30 kr., Gísl Gíslason Brattsh.hjal. 28 kr., Ingvar Hannesson Skipum 28 kr., Snorri Sveinbjarnarson Hæringsst. 27 kr., Sigurður Sigmundsson Grímsfj. 33 kr.

Eyrarbakka:

Verzlunin Einarshöfn h./f. 1341 kr., Kaup- félagið Ingólfur 780 kr., Kaupfélagið Hekla 680 kr., Sparisjóður Árnassýslu 135 kr., verzlun Þorleifs Guðmundssonar 150 kr., Einar Jónsson Einarshöfn 40 kr., Guðm. Sigurðsson verzlunarm. 34 kr., Guðni Jónsson Einarshöfn 32 kr., Jakob Jónsson Einarshöfn 32 kr., L. L. Andersen Larsen bakari 50 kr., Jón Jónsson Norðurkoti 30 kr., P. Nielsen fyrv. verzlunarstj. 75 kr., Ásgeir Blöndal héraðslæknir 70 kr., Guðm. Guðmundsson verzlunarm. 30 kr., J. D. Nielsen verzlunarstj. 75 kr., Jón Sig- urðsson verzlunarm. 26 kr., cand. theol. Jóhann Briem 28 kr., Sig. Guðmundsson bóksali 40 kr., Hannes Þórðarson Fjólmi 26 kr., Guðm. Guðmundsson verzlunarstj. 45 kr., Páll Grímsson Ingólfi 45 kr., Sigurður Ísleifsson trésm. 30 kr., Guðm. Jónsson oddviti 34 kr., Ólafur Bjarnason trésm. 27 kr., Gunnar Jónsson trésm. 32 kr., Guðm. Ísleifsson óðalsbóndi Háeyri 108 kr., Jó- hann V. Danielsson verzlunarstj. 50 kr., Jón Hannesson Litlu Háeyri 33 kr., Jón Einarsson hreppstj. 40 kr., dánarbú Þór- nýjar Guðmundsd. Steinsh. 28 kr., Magnús Magnússon Nýjabæ 28 kr., Ágúst Dani- elsson Steinskoti 28 kr., Guðm. Jónsson Merkisteini 29 kr., séra Gísl Skúlason 155 kr., Sigurður Árnason Hafliðakoti 28 kr., Simon Simonarson Gamlahrauni 35 kr.

Skáldsögur Jóns Trausta.

—o—

Í síðasta tbl. Suðurl. skrifar „Þróstur“ um kver Adams Þorgímssonar „Y og Z“. Það var þarft verk að minna á það ágæta kver, en *hitt* var óþarft að kasta þar hnút- um að skáldsögum Jóns Trausta. Aðfinsl- ur, á rökum byggðar, um skáldrit hans, er ekki að lasta — eitthvað má að öllu finna — en rakalaust hnútuast á hann ekki skilið, svo ósérplægislega vinnur hann að því að auðga íslenzkar bókmentir. Þó að „Þróstur“ kanske treysti „sér ekki að standa undir meiru“, þá getur hann ekki með rökum mótmælt því t. d. að náttúru- og mannlýsingar Jóns Trausta séu víða snildarverk. Það eru ekki alt fallegar myndir, sem hann dregur þar fram úr þjóðlífinu íslenzka, en eru þær ekki *sannar*? Jú, það er mörg „Settan“ og mörg „Borg- hildurin“ vor á meðal, því miður.

Eg held líka að mér sé óhætt að fullyrða að sögur J. Tr. séu búpar að ná alþýðu- hylli. Útgáfan er dýr, og eg geri ekki þá Þorstein Gíslason og Arinbjörn Sveinbjarn- arson að þeim flónum, að þeir ár eftir ár